

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 30/2004**

**frá 19. mars 2004**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2004 frá 6. febrúar 2004 (<sup>1</sup>).
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1358/2003 frá 31. júlí 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 437/2003 um hagskýrslur að því er varðar farþega-, vöru- og pósthlutninga í lofti og um breytingu á I. og II. viðauka við hana (<sup>2</sup>) skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda í Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*I. gr.*

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 7h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 437/2003):  
  
„, eins og henni var breytt með:  
  
- **32003 R 1358**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1358/2003 frá 31. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 194, 1.8.2003, bls. 9).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 437/2003):  
  
„7i. **32003 R 1358**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1358/2003 frá 31. júlí 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 437/2003 um hagskýrslur að því er varðar farþega-, vöru- og pósthlutninga í lofti og um breytingu á I. og II. viðauka við hana (Stjtið. ESB L 194, 1.8.2003, bls. 9).

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 66 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 194, 1.8.2003, bls. 9.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1358/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. mars 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.